

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 304/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Lindu Maríu Bellere**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992 að ósk ákærðu. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á dómi héraðsdóms.

Ákærða krefst sýknu af kröfum ákærvalds.

Vitnið Ólafur Baldursson mætti hvíttri Skodabifreið um kl. 5.00 að morgni 26. maí 1991, þar sem henni var ekið suður Ánanaust á öfugum vegarhelmingi. Hann fylgdi Skodabifreiðinni eftir suður Ánanaust, austur Hringbraut og inn á Framnesveg og sá henni ekið inn Lágholtsveg. Fullyrti Ólafur, að bifreiðinni hefði verið ekið af dökkhærðri, konu og hefði hún verið ein í bifreiðinni.

Lögreglumenn komu síðan auga á hvíta Skodabifreið ákærðu, þar sem hún stóð í porti Lýsis hf. Ökuljós hennar loguðu, útblástursrör var heitt og bifreiðin ólæst. Ákærða kom þarna gangandi að með kveikjulásslykil bifreiðarinnar í hendi. Framburður hennar hjá lögreglu var á reiki um, hver hefði ekið bifreiðinni. Að þessu athuguðu ber að fallast á sönnunarmat héraðsdóms og staðfesta hann með tilvísun til raka hans að öðru leyti, en brot ákærðu er ítrekað brot á ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að svipting ökuréttinda telst frá birtingu dóms Hæstaréttar.

Ákærða, Linda María Bellere, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1992.**

Ár 1992, þriðjudaginn 26. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 249/1992: Ákærvaldið gegn Lindu Maríu Bellere, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 13. nóvember sl., á hendur ákærðu, Lindu Maríu Bellere, Hringbraut 119, Reykjavík, fæddri 6. nóvember 1963, fæðingarnúmer 344, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 26. maí 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni HM-241 um götur í Reykjavík að Lágholtsvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Sunnudaginn 26. maí 1991 kl. 5.08 barst lögreglu tilkynning frá stjórnstöð um, að tilkynnt hefði verið um ölvaðan ökumann. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kvað tilkynnandi, Ólafur Baldursson, kt. 180452-3119, að bifreiðinni HM-241, af gerðinni Skoda, hvíttri að lit, hefði verið ekið eftir Framnesvegi í átt að Hringbraut. Tilkynnandi hefði lýst ökumanni svo, að hann væri kona með mikið dökkt hár, klædd í hvítan bol eða peysu.

Er lögreglan kom að Hringbraut við Framnesveg, bárust boð frá stjórnstöð um, að tilkynnandi hefði séð, hvar bifreiðinni var ekið inn Lágholtsveg og verið stöðvuð þar.

Er lögreglan kom að, var framangreind bifreið kyrrstæð í porti Lýsis hf. við Lágholtsveg. Voru ökuljós bifreiðarinnar tendruð, útblástursrör heitt og bifreið ólæst, en mannlaus. Áfengisþefur var í bifreiðinni.

Er lögreglan hóf að grennslast fyrir um ökumann, kom ákærða í máli þessu að bifreiðinni. Var hún með kveikjulásslykla bifreiðarinnar og kvaðst aðspurð leita eftir húslyklum sínum og handveski. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir ákærðu, að hún hafi hlaupið niður í miðbæ um klukkustund

áður og hlaupið til baka aftur. Er hún var innt eftir, hver hefði ekið bifreiðinni, hefði hún tjáð lögreglu, að bróðir sinn, Anthony Lee Bellere, hefði ekið henni, og væru þau nýkomin heim.

Í skýrslu lögreglu er ákærðu lýst svo, að hún hafi virst mjög drukkin, af henni hafi lagt megnan áfengisþef, göngulag verið óstöðugt, framburður ruglingslegur og hún verið þvoglumælt. Hafi hún ýmist sagst hafa komið hlaupandi úr miðbænum eða að Anthony hafi ekið sér heim á bifreiðinni.

Ákærða kvað tvö börn sín vera ein heima. Var farið að heimili ákærðu, en enginn svaraði né heyrðist hljóð úr íbúðinni.

Ákærða var því næst færð á lögreglustöðina til skýrslutöku fyrir varðstjóra. Í skýrslu varðstjóra kl. 5.55, sem ákærða ritaði ekki undir, er greint, að ákærða hafi kannast við að hafa neytt áfengis, en neitað að hafa ekið. Í umsögn um ákærðu er greint, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti hennar, jafnvægi hennar verið óstöðugt, málfar óskýrt og framburður ruglingslegur. Ákærðu var á lögreglustöðinni tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 6.10. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar mældist alkóhólmagn í blóði ákærðu greint sinn vera 2,35%. Þá var í þágu rannsóknar málsins tekin ljósmynd af ákærðu, þar sem hún var án skilríkja. Var ákærða síðan vistuð í fangageymslu lögreglu.

Framburðarskýrsla var tekin af ákærðu sama dag kl. 11.30. Skýrslutöku lauk kl. 12.00. Ákærða skýrði svo frá, að hún hefði farið ein að heiman um kl. 4.00 um nóttina á bifreið sinni, HM-241, niður í miðbæ og lagt henni í Hafnarstræti. Hefði hún drukkið eitt glas af áfengisblöndu fyrir akstur. Ákærða kvaðst hafa hitt einhverja vini og kunningja, er gáfu henni áfengi til neyslu, og hefði hún fundið til áhrifa þess, er hún ók til baka heim til sín. Ósatt væri, að hún hefði hlaupið niður í bæ og til baka. Hið rétta væri, að hún hefði ekið bifreiðinni. Aðspurð kvaðst ákærða hafa fundið til áfengisáhrifa við nefndan akstur. Þá sagði ákærða, að hún hefði farið af heimili sínu og skilið börn sín ein eftir þessa stuttu stund.

Ákærða var svipt ökuréttindum til bráðabirgða 25. júní sl.

Ákærða neitaði að undirrita birtinguna. Hinn 9. júlí sl. var ákærðu boðið að ljúka málinu með dómsátt, en því boði hafnaði ákærða. Sama dag var bráðabirgðasvipting ökuréttinda ákærðu felld úr gildi.

Tekin var önnur framburðarskýrsla af ákærðu hjá lögreglu 21. október sl. Dró þá ákærða fyrri framburð sinn til baka og neitaði eindregið að hafa ekið bifreiðinni greinda nótt. Ákærða skýrði svo frá, að hún hefði verið farþegi í bifreiðinni úr miðbænum að Lágholtsvegi greint sinn. Bifreiðin hefði verið í miðborginni um kvöldið og fram á nótt. Ákærða kvaðst ekki hafa viljað aka og beðið bróður sinn, Anthony, að aka, sem hann neitaði. Ákærða kvaðst hafa beðið marga að aka bifreiðinni, og að endingu hefði einhver strákur ekið bifreiðinni að heimili hennar. Ákærða kvaðst ekki geta

lýst útliti ökumannsins. Hefði hún legið í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni heim. Ökumaðurinn hefði farið, eftir að akstri lauk. Ákærða kvað sér ekki vera kunnugt um, hvað varð um bíllyklana. Hún hefði farið inn í húsið og síðan út til að athuga með húslyklana og þá mætt lögreglu.

— — —

### *Niðurstöður.*

Óumdeilt er í málinu, að bifreið ákærðu, HM-241, var aðfaranótt 26. maí 1991 ekið um götur í Reykjavík að Lágholtsvegi.

Kom lögreglan að bifreiðinni mannláusri á greindum stað, eftir að hún hafði fengið þær upplýsingar frá stjórnstöð, að ölvaður ökumaður, kona með mikið dökkt hár, klædd hvítum bol eða peysu, hefði ekið greindri bifreið eftir Framnesvegi í átt að Hringbraut og sést aka inn Lágholtsveg. Ákærða kom að bifreiðinni stuttu síðar með kveikjulásslykla bifreiðarinnar í höndum. Ákærða játaði að hafa verið undir áhrifum áfengis greint sinn, en neitaði eindregið í síðari skýrslu fyrir lögreglu og fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni og bar, að karlmaður hefði ekið sér heim úr miðbænum þessa nótt. Ákærða kvaðst ekki kunna nein deili á ökumanni og gat ekki lýst honum. Sagði ákærða, að hún myndi ekki, hvernig ökumaðurinn leit út, en hann hlyti að vera ungur maður. Ákærða gaf þá skýringu á breyttum framburði, að hún hefði verið þvinguð af lögreglu til að játa þennan verknað.

Vitnið Ólafur Baldursson hefur borið, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið dökkhærð kona, og hafi hún verið ein í bifreiðinni. Vitnið, er kvaðst hafa séð ökumann í svip, kvaðst ekki geta sagt til um, hvort útlit ökumanns kæmi heim og saman við útlit ákærðu, eins og það kemur fram á ljósmynd af ákærðu, sem er meðal rannsóknargagna málsins.

Skýring ákærðu á breyttum framburði þykir ekki trúverðug. Hefur rannsókn málsins ekki leitt í ljós, að viðhafðar hafi verið ólögmetar rannsóknaraðferðir hjá lögreglu. Ákærða hefur orðið margsaga um, hvort bifreiðinni var ekið greint sinn, hver ók henni, og var framburður ákærðu reikull um fleiri atriði við rannsókn þessa máls.

Ljóst er, að ákærða var undir áhrifum áfengis, er hún játaði að hafa ekið bifreiðinni, og þykir það rýra sönnunargildi þeirrar skýrslu. Hins vegar hefur ákærða ekki að mati dómsins gefið viðhlitandi skýringu á breyttum framburði. Ákærða hefur ekki gefið neinar upplýsingar um þann, er hún sagði hafa ekið bifreiðinni greint sinn. Þá fær framburður ákærðu um, að Anthony Lee Bellere hafi séð, þá er henni var ekið heim, ekki stoð í framburði vitnisins. Ákærða játaði fyrir lögreglu að hafa ekið bifreiðinni, eftir að hún hefði neytt áfengis, og voru tveir vottar viðstaddir þessa játningu.

Með framburði vitnisins Ólafs Baldurssonar og með vísan til játningar ákærðu, sem stoð fær í öðrum gögnum málsins, svo og með niðurstöðu alkóhólrannsóknar þykir sannað gegn síðari neitun ákærðu, að hún hafi ekið greindri bifreið aðfaranótt 26. maí 1991 undir áhrifum áfengis, eins og rakið er í ákæruskjali.

Í vörn ákærðu er því haldið fram, að rannsóknaraðilar hafi farið offari við rannsókn þessa máls, og m. a. var að því vikið, að myndataka af ákærðu hjá lögreglustjóranum í Reykjavík væri í andstöðu við reglur um meðferð opinberra mála. Með vísan til 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 1. gr., sbr. 2. gr. rg. nr. 151, 1979, um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu var heimilt að taka ljósmynd af ákærðu í þágu rannsóknar máls þessa. Er ekki ljóst í málinu, hvort ákærða hafi neitað myndatökunni. Tekin var mynd af ákærðu í líkamsstærð, á hlýraból. Að mati dómsins hefði verið nægjanlegt að taka andlitsmynd af ákærðu.

Ákærða hefur sætt refsingum sem hér seggir:

[Ákærða hefur fjórum sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal tvisvar fyrir ölvunarakstur (1981 og 1987).]

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Vararefsing ákveðst varðhald í 20 daga.

Eftir kröfu og samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærðu ökuréttindum. Þykir hæfilegt að svipta ákærðu ökuréttindum í þrjú ár frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar komi 15 dagar, er ákæra sætti sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Linda María Bellere, greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í þrjú ár frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar komi 15 dagar, er ákærða sætti sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 35.000 krónur.